

Nd.

105. Frumvarp til laga

[95. mál]

um breytingu á lögum nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði.

Flm.: Matthias Á. Mathiesen, Ingólfur Guðnason,
Skúli Alexandersson, Karvel Pálmason.

1. gr.

Niður falli síðasti málsliður 20. gr. laganna. En aftan við greinina komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Með samþykki sparisjóðsstjórnar, sem fært sé í gerðabók stjórnarinnar, er sparisjóði heimilt að ganga í ábyrgð fyrir viðskiptaaðila sína. Taka skal öruggar tryggingar fyrir öllum ábyrgðum sparisjóðs. Heildarupphæð ábyrgða, sem í gildi eru á hverjum tíma, má ekki vera hærri en sem svarar 20% af heildarinnlánum sparisjóðsins, nema með samþykki bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í núgildandi lögum, sem orðin eru tæplega 40 ára gömul, er ákvæði er bannar sparisjóðum að ganga í ábyrgð fyrir aðra. Hér er lagt til að ákvæði þetta verði fellt niður, enda ákvæðið úrelt og hefur verið óeðlilegur fjötur á starfsemi sparisjóðanna og þjónustuhlutverki þeirra. Hér má enn fremur benda á að á síðasta Alþingi voru samþykkt ný lög um Húsnæðisstofnun ríkisins. Í þessum lögum er gert ráð fyrir að húsnæðismálastjórn semji við innlánsstofnanir um afgreiðslu lána úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna. Sá háttur hefur verið á fyrri þjónustu Veðdeildar Landsbankans við Byggingarsjóð, að hún greiðir gjaldfallna afborgun lántaka til Byggingarsjóðs eftir umsaminn mánaðafjölda frá gjald-daga, hvort heldur greiðsla hefur borist eða ekki. Í samningum Húsnæðisstofnunar við innlánsstofnanir í samræmi við áðurgreinda lagabreytingu er gert ráð fyrir sama fyrirkomulagi gagnvart þeim lánastofnunum er hún semur við. Núverandi ákvæði í lögum, er banna sparisjóðum að ganga í ábyrgð, veldur því, að sparisjóðir geta ekki veitt viðskiptamönnum sínum þá auknu þjónustu sem felst í fyrrgreindri breytingu, nema til komi lagabreyting. Í ýmsum öðrum tilvikum getur verið nauðsynlegt að sparisjóðir geti veitt þá þjónustu gagnvart viðskiptamönnum að einhvers konar ábyrgð þurfi til að koma.

Í þessu frumvarpi eru sett skilyrði fyrir því, hversu viðtækar ábyrgðir sparisjóður má taka á sig, og er þar m. a. mælt svo fyrir, að heildarupphæð ábyrgða, sem í gildi eru á hverjum tíma, megi ekki vera hærri en sem svarar 20% af heildarinnlánum sparisjóðsins, nema til komi samþykki bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Gert er ráð fyrir að lögín öðlist þegar gildi.